

Afstöðumynd
1 : 500





Samþykkt þann
23. OKT. 2019
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði

All Rights Reserved Atelier arkitekta

22.10.2019
SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS bs.

Völuskarð 17 .Matshlutanúmer 01
Staðgreinir 00-00-00

Landnúmer: 227983

Byggingarlýsing:

Húsið er 2 hæða einbýlishús, staðsett ofan við götu við rætur Skarðshlíðarinnar og stallast upp í landhallann.Húsið fellur undir notkunarflokk 3.
Vegna landahalla og legu hússins að honum eru stoðveggir á lóðinni útfærðir í nánu samhengi við heildarútlit hússins.
Byggt verður úr járnbentri steinsteypu og eru útveggir að mestu einangraðir að utan og klæddir viðhaldsfríum málmklæðningum.

Hluti 1 hæðar að hliðinni er einangraður að innan.
Byggingarmassi hússins er brotinn upp með tvennskonar þakformi og efnisvali.
Að stórum hluta er húsið byggt með efnum er framleidd eru hérlendis og hafa því lágmarks flutninga að baki til minnkunar kolefnisspors.
Einnig er haft í huga að velja efni með litla viðhaldsþörf og langan endingartíma.

Áferð efna og litaval tekur mið af nátturulegum litartónum er finna má í nærliggjandi umhverfi.Læst klæðning með ljósgráum zinklit,önnur álklæðning í dökkgráum lit. Slétt þak þakið úthagatorfi og einhalla þak með ásoðnum þakpappa.

Að innan er húsið bjart og opið. Víðsýnt er til allra megin átta.
þaksvalir verða hluti af rými 2 hæðar og þar er hægt að opna stórar rennihurðir út á svalirnar sem verður aðalgarðrými hússins.
Yfirborð þakið íslenskum lerkiborðum og ljósgráum steyptum hellum. Í þakgarði er gert ráð fyrir heitum potti með læstri öryggishlíf.

Á aðkomuhæð er inngangur inndreginn. Á hæðinni er anddyri með gestasnyrtingu þar eru einnig 4 svefnherbergi,alrými, baðh.,þvottahús ásamt geymslu og bílskúr.
Utangengt er frá hæðinni að þakgarði um stiga.
Á 2.hæð er eldhús, stofa,borðstofa og hjónaberbergi með bað og fatherbergi.

Stærðir	brúttó flatarmál m²		brúttó rúmmál m³	
1.hæð	214,5	m²	685,4	m³
2.hæð	118,5	m²	457,7	m³
botn			42,9	m³
Samtals	333,0	m²	1.186,0	m³
Lóðarstærð.	800,8 m²			
nhl.	0,42			

Gert er ráð fyrir 3 bílastæðum á lóðinni framan við bílskúr.Á suðausturhorni er gert ráð fyrir rafhleðslustaur.

Sorp.
Samkvæmt skilmálum deiliskipulags verður áhersla lögð á vistvænt umhverfi og flokkun á almennu sorpi í djúpgámum er komið verður fyrir ,við hverja götu.
Tímabundið verða því sorptunnur geymdar austanmegin a lóð við bílastæði

Almennt um brunavarnir.

Allar almennar brunamerkingar koma fram á uppdráttum.
Björgunarop eru úr öllum svefnherbergjum á 1 .hæðinni.
Einnig eru þar þrjár útgönguleiðir.
Á efri hæð utan rennihurða eru tvær útgangshurðir flóttaleiðir að þaksvölum.
Brunamótstaða burðarvirkis samkvæmt kafla 9.9.2 og 9.9.3 í ibyggingarreglugerð , sérbýli í notkunarflokki 3 (lítil áhætta og minna en 800 MJ- m2).Brunamótstaða vegna bílskúrs merkt á uppdrætti.
Í húsinu verða reykskynjarar með hljóðgjöfum valdir með hliðsjón af aðstæðum sbr. grein 9.4.3. í
Klæðningar verða skv. staðlaðri ÍST EN 13501.
Allar innanhúsklæðningar verða í flokki 1; eða K210 B-s1,d0.
Utanhúsklæðningar verða í flokki 1; eða K210 B-s1,d0.
Útveggir verða með yfirborð úr A efni eða með utanhúsklæðningar í flokki 1 (K210 B-s1,d0).
Þakklæðningar verða a.m.k. í flokki T, eða B(roof) (t2).

Burðarkerfi:

Burðarkerfi hússins staðsteypt úr járnbentri steinsteypu.
Gólfplötur, útveggir og berandi innveggir eru úr járnbentri steinsteypu.
Undirstöður eru staðsteyptar og grundaðar á klöpp.
Gólfplötur 200mm með 70mm ilögn.

Þök eru annarsvegar staðsteypt og hinsvegar létt þök með stál og timburburðarvirki.

Einangrun:
Einangrun allra byggingarhluta er í samræmi við gr.13.3.2 í byggingareglugerð nr.112/2012

Botnplata og sökklar einangrað með 100mm plasteinangrun.
Húsið er einangrað að utan með 100mm steinull og klætt með mismunandi málmklæðningu.
Hluti útveggja í kjallara er einangraður að innan með 125mm steinullareinangrun klætt gifsklæðningu.

Einhalla þak hefðbundið sperruþak með 200m steinullareinangrun og klætt ásoðnum þakpappa.

Staðsteypt þak efri hæðar einangrað ofan á plötu með harðri steinullareinangrunplasteinangrun a.m.k. 200mm, tvö lög af viðurkenndum ábræddum þakpappa brætt á steypu, þakið með úthagatorfi. Vatnshalli að niðurföllum í ásteypulagi 1:40.Staðsteyptar þaksvalir með sömu einangrun. sjá nánar -svalir-þakgarður.

Rakasperra sé a.m.k. 0,2mm þykkt þolplast og vel frá því gengið með rakasperru límkitti þannig að hvergi sé rifa eða op.

Á þaksvalir er einangrað ofan á staðsteypta plötu með 200mm harðri steinullareinangrun 2 lög af viðurkenndum ábræddum þakpappa brætt á steypu klætt með hellum á klossum og lerkiviðareiningum á lektum.
Vatnshalli af öllum sléttum þökum í ásteypulagi 1:40 að niðurföllum.

Eingangrun allra byggingahluta í samræðmi við gr.13,3,2 í byggingareglugerð nr.112/2012.

Reiknað einangrunargildi einstakra byggingahluta.

		Einangr. mm		
Útveggir	0,31	100	Heildar varmatap	
Bílskúrshurð	1,20		á fermetra	húss
Gluggar	1,30		1,10	W/m2°C

Útveggir	0,31	100
Létt þak	0,21	225
Gólf	0,22	125

Stigar og handrið:

Stigi innanhúss er staðsteyptur með stál og glerhandriðslokun.Allt gler hert öryggisgler.
Svalarhandið ýmist hert öryggisgler 1100mm hæð og að hluta klætt með malmklæningum í samræmi
við nálæga byggingarhluta. Hanriðsfestingar ryðfríar úr svart dufthlökkuðu stáli.

Innveggir:
Inniveggir eru ýmist staðsteyptir sandsparslaðir og málaðir, en léttir veggir úr blikkstoðum einangraðir klæddir gifsplötum og málaðir. Léttir veggir ýmist 120mm,150mm og 200mm.

Loft:
Staðsteypt loft eru spörsluð og máluð.
Niðurtekin loft:
Létt niðurtekin loft eru gifsklædd heilspörsluð og máluð. Öll klæðning í flokki.

Innihurðir:
Hurðir úr timbri svarbæsuð eik.

Hurð að bílskúr eldvarnarhurð EI60-CS.
Útihurðir:
Inngangshurðir eru úr áli og gleri.

Gluggar/Hurðir:

Gluggar eru álklæddir trégluggar.
Gler skal vera samkvæmt grein 12.4.3 og samkv rb blaði (31).121.1"

Svalir: þakgarður
Yfirborðsefni ljósgráar steyptar hellur 50 x50cm, einnig verður hluti yfirborðs þakið lerki harðviði á lektum.
Vatnshalli samkv. reglugerð.
Málmklæðning verður á mestum hluta handriðsveggja en inn á milli er notað hertöryggisgler.
Upphækkað gróðurbeð á svölum,einnig er gróðurbeð ofan á skyggni við aðalinngang og á suðvesturhorni bílskúrs.
þau eru ætluð lávöxnum runnagróðri og sígrænum plöntum ásamt klifurjurtum. Op er í skyggni við aðalinngang,það er ætlað fyrir beinvaxið tré.

Lóðafrágangur:
Markmið verður að halda lóðinni sem mest ósnortinni og nátturulegri , þá aðallega á svæðum utan við stoðveggi á lóðinni.
Að húsinu frá götu, við bílastæði og aðalinngang og einnig á vesturhlið verður yfirborð lóðarinnar þakið hellulögn í mismunandi stærðum er tvinnast saman á nátturulegan hátt við annað yfirborð lóðarinnar er stallast upp hliðina.
Hluti stoðveggja verður lýstur upp til undirstrika samspil þeirra við lóðina og heildaútlit hússins.
Til að milda ásýnd þeirra er mælt með að gróðursetja að þeim klifurjurtir.
Frágangur á lóðarmörkum á austur og vestur hluta lóðarinnar verður með óreglulegum runnagróðri af hinum ýmsu gerðum.
Steinhleðsla með nátturulegu grjóti verður að einhverju leyti notuð í landhallanum.

Lagnir og loftræsing
Fráveitulagnir:
Lagt verður tvöfalt kerfi annars vegar fyrir skólplagnir og hinsvegar fyrir regnvatnslagnir.
Vatns og rafmagnsinntök eru í bílskúr.
Hitakerfi:
Húsið er upphitað með gólfhita.
Neysluvatnskerfi:
Heitt neysluvatn verður upphitað kalt vatn um varmaskiptir þannig að hámarkshitastig vatns fari ekki yfir 60°C. lagnir verða plastlagnir.
Loftræsikerfi:
Öll rými í húsinu eru með opnanlegum fögum þannig að um nátturulega loftræstingu er að ræða. Blautrými og eldhús verða loftræst.

Snjóbræðslukerfi: Gert er ráð fyrir snjóbræslu á bílastæði og göngustig að aðalinngangi.
Einnig á stétt vestanmegin við húsið. Notast verði afmarkað við affalsvatn til upphitunar
vegna snjóbræðslu.

ATELIER ARKITEKTA slf.
Björn Skaptason arkitekt faí
Fiskislóð 31 sími 5686680
kt.450913-0650 gsm 6968977
netfang bjorn@atelier.is

Aðaluppdrættir

Völuskarð 17
221 Hafnarfjörður
Afstöðumynd og bygginarlýsing

Aðaluppdrættir		Áfangi	
Landnr.:	227983	Staðgr.:	00-00-00
Hönnun:	Atelier	Stj:	BS
Yfirfarið:	BS	Teiknað:	BS/KÞ
Mvk:	1 : 500	Dgs:	07/10/2019
V.nr:	19-003	Blað:	01
S.þykkt:		Björn Skaptason Kt. 270561-2259	
Dgs:		Br:	
Dgs:		Br:	
Dgs:		Br:	

Blaðastærð: A2

HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLFÖLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI